

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-desember 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 34,8 ma.kr. samanborið við 53,4 ma.kr. 2011. Tekjur hækkuðu um 37,7 ma.kr. milli ára en gjöld jukust um 20,8 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 53,6 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-desember 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	444.751	414.605	461.866	468.147	505.830
Greidd gjöld	643.935	551.457	530.963	525.500	546.289
Tekjujöfnuður	-199.184	-136.852	-69.097	-57.353	--40.459
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	186.874	-13.579	-4.612	3.980	5.686
Handbært fé frá rekstri	-12.310	-150.431	-73.709	-53.373	-34.773
Fjármunahreyfingar	-386.106	-11.070	71.523	110.796	-27.105
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-398.416	-161.501	-2.186	57.423	-61.878
Afborganir lána	-120.625	-233.172	-235.450	-224.227	-227.825
Innanlands	-104.713	-206.823	-132.628	-88.840	-63.616
Erlendis	-15.912	-26.349	-102.822	-135.387	-164.209
Greiðslur til LSR og LH	-4.000	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-523.041	-394.673	-237.636	-166.804	-289.703
Lántökur	601.955	436.792	329.611	383.044	240.227
Innanlands	558.118	390.031	201.556	151.773	95.939
Erlendis	43.837	46.761	128.055	231.271	144.288
Breyting á handbæru fé	78.914	42.119	91.975	216.240	-49.476

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 2012 jukust um 8,0% á milli ára og námu alls 505,8 ma.kr. sem er 4,5 ma.kr. eða 0,9% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Í fjárukalögum 2012, sem samþykkt voru skömmu fyrir áramót, voru tekjur ársins áætlaðar 504,6 ma.kr. og er innheimta ársins því aðeins 1,3 ma.kr. eða 0,2% yfir þeirri áætlun. Í umfjölluninni hér að neðan verður þó ávallt miðað við tekjuáætlun fjárlaga nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Skatttekjur- og tryggingagjöld námu 463,8 ma.kr. og jukust um 7,9% á milli ára sem er 10,6 ma.kr. eða 2,4% yfir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 9,7% og nam 101,6 ma.kr. sem er 7,2 ma.kr. yfir áætlun. Samanlögð skil laungreiðenda á útsvari og tekjuskatti af launum á fyrstu tíu mánuðum ársins jukust um 9,2% á milli ára sem er til merkis um að stofn skattsins hafi styrkst umtalsvert á árinu. Þá þróun má annars vegar rekja til meiri launahækkana á árinu en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga og hins



vegar þess að úttektir séreignarsparnaðar hafa reynst meiri en reiknað var með. Þess má geta að tekjuskattur greiddur í ríkissjóð vegna úttekta séreignarsparnaðar nemur um 4,6 ma.kr. á árinu 2012.

Fjármagnstekjuskattur nam 17,4 ma.kr. sem er tæplega þriðjungssamdráttur á milli ára og um 4,1 ma.kr. undir áætlun. Þetta frávik skýrist fyrst og fremst af því að endurgreiðslur til lögaðila, sem almennt eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti, reyndust nokkuð hærri en gert var ráð fyrir en þó einnig vegna þess að heimilin höfðu lægri fjármagnstekjur á árinu en reiknað var með. Af þessum sökum var áætlun ársins um tekjur af fjármagnstekjuskatti lækkuð um 2,4 ma.kr. í frumvarpi til fjáráukalaga 2012 og er frávik innheimtunnar frá þeirri áætlun því umtalsvert minna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-deseember 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	403.297	429.675	463.798	11,8	6,5	7,9
Skattar á tekjur og hagnað	138.396	147.868	157.097	-0,3	6,8	6,2
Tekjuskattur einstaklinga	89.116	92.647	101.613	7,9	4,0	9,7
Tekjuskattur lögaðila	19.580	29.557	38.075	12,0	51,0	28,8
Skattur á fjármagnstekjur	29.700	25.664	17.409	-23,4	-13,6	-32,2
Eignarskattar	9.267	10.630	15.091	80,1	14,7	42,0
Skattar á vöru og þjónustu	180.622	186.595	203.966	11,7	3,3	9,3
Virðisaukaskattur	121.750	123.548	135.472	8,8	1,5	9,7
Vörugjöld af ökutækjum	1.609	2.732	4.188	-5,0	69,8	53,3
Vörugjöld af bensíni	11.665	11.800	11.957	6,1	1,2	1,3
Skattar á olíu	6.367	6.488	6.894	2,6	1,9	6,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	14.843	15.443	16.426	7,2	4,0	6,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	24.387	26.584	29.031	43,1	9,0	9,2
Tollar og aðflutningsgjöld	6.082	7.070	7.645	20,5	16,2	8,1
Aðrir skattar	7.826	11.301	14.656	1,4	44,4	29,7
Tryggingagjöld	61.104	66.211	65.342	44,8	8,4	-1,3
Fjárframlög	1.259	1.747	1.677	24,9	38,8	-4,0
Aðrar tekjur	37.584	32.912	38.795	-27,5	-12,4	17,9
Sala eigna	19.726	3.814	1.561	-	-	-
Tekjur alls	461.866	468.147	505.830	11,4	1,4	8,0

Tekjuskattur lögaðila nam 38,1 ma.kr. á árinu sem er 7,5 ma.kr. yfir áætlun. Rúmlega helming þess fráviks má rekja til uppgjöra fyrri ára sem höfðu í för með sér 3,8 ma.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Ef litið er framhjá áhrifum eldri uppgjöra nam tekjuskattur lögaðila 34,3 ma.kr. sem er 3,7 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjur af tryggingagjaldi drógust saman um 1,3% á milli ára og námu 65,3 ma.kr. sem er 1,4 ma.kr. yfir áætlun. Þess ber að geta að tekjusamdrátturinn er minni en sem nemur



hlutfallslegri lækkun tryggingagjaldsprósentunnar á milli ára sem bendir til þess að gjaldstofn gjaldsins hafi vaxið. Heildarlaunastofninn 2012 er rúmlega 6% hærrí á ár en árið áður.

Tekjur af eignarsköttum námu 15,1 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til meiri tekna af auðlegðarskatti á árinu en innheimta hans nam 7,8 ma.kr. á árinu sem er um 1,1 ma.kr. meira en gert var ráð fyrir. Þá námu stimpilgjöld 3,4 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 9,3% á milli ára og námu 204,0 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 4,9% undir verðlagsbreytingum. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 135,5 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af bensíngjöldum jukust um 1,3% á milli ára og námu 12,0 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir áætlun. Af þessari innheimtu er ljóst að áætlun fjárlaga um tekjur af bensíngjöldum var of há enda var hún lækkuð nokkuð í frumvarpi til fjárlagala. Tekjur af olúgjaldi eru aftur á móti um 0,1 ma.kr. yfir áætlun og því bendir allt til þess að hækkandi eldsneytisverð síðastliðinna missera hafi mun sterkari eftirspurnarhrif á bensín en olíu. Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart þar sem bensínbílar eru uppistaðan í bílafloata heimilanna.

Innheimta vörugjalda af ökutækjum nemur 4,2 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Ljóst er að innflutningur bifreiða hefur verið mun meiri það sem af er ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2012 og í ljósi þess var áætlunin hækkuð í frumvarpi til fjárlagala. Áfengis- og tóbaksgjöld jukust um 6,4% á milli ára og námu 16,4 ma.kr. sem 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Þar af námu tekjur af áfengisgjaldi 11,3 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og tekjur af tóbaksgjaldi 5,1 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun. Tollar- og aðflutningsgjöld námu 7,6 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. yfir áætlun.

Aðrar tekjur jukust um tæplega fimmtung á milli ára og námu 38,8 ma.kr. sem er 1,4 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til arðgreiðslna frá Landsvirkjun og Seðlabankanum auk 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að takmörkuðu leyti í tekjuáætlun.

Greidd gjöld námu 546,3 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 20,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4%. Greidd gjöld voru 11,9 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 2%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-desember 2010-2012**

	2010	2011	2012	2011	2012
Vaxtagreiðslur	73.872	64.742	75.570	-12,4	16,7
Almenn opinber þjónusta	46.005	47.566	47.883	3,4	0,7
Almannatryggingar og velferðarmál	133.315	140.291	137.325	5,2	-2,1
Heilbrigðismál	112.324	116.000	120.836	3,3	4,2
Efnahags- og atvinnumál	60.633	56.237	56.061	-7,3	-0,3
Menntamál	46.732	45.540	48.968	-2,6	7,5
Menningar, íþróttar og trúmál	16.056	16.077	16.134	0,1	0,4
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	18.373	19.684	21.343	7,1	8,4
Umhverfisvernd	4.789	5.129	5.225	7,1	1,9
Varnarmál	1.669	1.411	1.082	-15,5	-23,3
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	863	722	986	-16,3	36,6
Óregluleg útgjöld	16.331	12.102	14.878	-25,9	22,9
Gjöld alls	530.963	525.500	546.289	-1,0	4,0

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 75,6 ma.kr. og jukust um 10,8 ma.kr. milli ára sem var um 0,5 ma.kr. lægra en gert var ráð fyrir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu námu 47,9 ma.kr. og voru 5,3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Skýrast þau frávik af því að ekki var ráðstafað af safnlið vegna ófyrirséðra launa- og verðlagsmála 1,4 ma. kr., 1,9 m.a. kr. afgangi af ýmsum liðum fjármála- og efnahagsráðuneytis og 1,3 ma.kr. afgangi af ýmsum liðum utanríkisráðuneytis. . Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um tæpa 3 ma.kr. milli ára en voru því sem næst í samræmi við áætlanir ársins. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með greiðslu vaxtabóta sem var 3,9 ma.kr. lægri en á síðasta ári og 0,8 ma.kr. innan heimilda. Þá drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um 1,6 ma.kr. milli ára en voru þó 1 ma.kr. umfram áætlanir. Barnabætur drógust saman um 571 m.kr. milli ára og greiðslur Fæðingaorlofssjóðs um 724 m.kr. Á móti jukust greiðslur vegna Lífeyristrygginga um 1,9 ma.kr. milli ára og voru 172 m.kr. umfram heimildir og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,4 ma.kr. og voru 479 m.kr. umfram heimildir, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 4,8 ma.kr. milli ára og voru 2,4 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 1,6 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 2,8 ma.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist að mestu með halla frá fyrri árum. Gjaldfærð útgjöld vegna byggingar nýs Landspítala námu 1,3 ma.kr. á árinu 2012, sem skýrist með breytingu á formi framkvæmdarinnar. Útgjöld vegna Sjúkratrygginga jukust um 839 m.kr. milli ára en eru því sem næst samkvæmt heimildum. Útgjöld Framkvæmdasjóðs aldgraða eru um 1,5 ma.kr. innan heimilda og útgjöld vegna öldrunarstofnana 0,8 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld heilbrigðisstofnana jukust um tæpar 200 m.kr. milli ára og voru jafnframt um 100 m.kr. umfram heimildir sem skýrist að mestu með rekstrarhalla fyrri ára. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru 176 m.kr. lægri en árið 2011 og voru jafnframt 4,2 ma.kr. innan heimilda sem skýrist með 655 m.kr. afgangi hjá Fjármálaeftirliti, 509 m.kr. afgangi heimilda hjá Jarðasjóði og jarðeignum ríkisins og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála voru 3,4 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 2,3 ma.kr. innan



fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 1,3 ma.kr. milli ára en voru 1,3 m.kr. innan heimilda, að mestu vegna ónýttra fjárheimilda til stofnkostnaðar 577 m.kr. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 912 m.kr. milli ára en voru 1,1 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála því sem næst óbreytt milli ára en voru um 1 ma.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir sem skýrist með óráðstöfuðum stofnkostnaðar- og safnliðum og stöðu sjóða.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,7 ma.kr. milli ára en voru 0,6 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að stærstum hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 724 m.kr. milli ára og eru jafnframt 138 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 255 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 182 m.kr. og Héraðsdómstóla um 146 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 256 m.kr. milli ára en eru 931 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 96 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 652 m.kr. innan áætlana sem skýrast af 529 m.kr. afgangi af fjárheimildum Úrvinnslusjóðs. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 329 m.kr. og voru 330 m.kr. innan heimilda tímabilsins vegna afgangi af heimildum Alþjóðastofnana 242 m.kr. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust jukust milli ára um 264 m.kr. og voru 221 m.kr. umfram heimildir vegna 253 m.kr. umframgjalda vegna leiguíbúða. Óregluleg útgjöld jukust um 2,8 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 241 m.kr. umfram fjárheimildir. Ríkisábyrgðir jukust um 1,6 ma.kr. milli ára og eru 304 m.kr. umfram áætlun. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 953 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 488 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 550 m.kr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir og 180 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 61,9 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 57,4 ma.kr. Mismunur milli ára skýrist einkum af erlendri lántöku ríkissjóðs til styrkingar gjaldeyrisforða á árinu 2011, sem endurlánað var til Seðlabanka Íslands.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 227,8 ma.kr., þar af voru 164,2 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu fyrri lána Norðurlanda í mars s.l. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. á móti erlendri lántöku í júní s.l. Í desember fyrirframgreiddi ríkissjóður að auki lán frá Færeyjum sem tekið var í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda 2008 að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, að jafnvirði 6,7 ma.kr. Aðrar erlendar afborganir námu 7,3 ma.kr. Innendar afborganir námu 63,6 ma.kr., þar af nam innlausn markflokks ríkisbréfa á gjalddaga í ágúst 49,3 ma.kr. Að auki greiddi ríkissjóður 10 ma.kr. inn á skuldabréf Seðlabankans sem gefið var út 2008 til styrkingar eiginfjárstöðu bankans.



Lántökur námu 240,2 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 95,9 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 86,5 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 29,8 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 56,7 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna tapaðra innstæðna hjá SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 10,6 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 20,3 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður gaf út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var jákvætt um 19,8 ma.kr.